

Tillaga til 467. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. desember 2020

Tillaga frá 1133. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 7. desember 2020, um að bæjarstjórn feli bæjarstjóra að hefja viðræður við Tónlistarfélag Ísafjarðar um beiðni félagsins um að sveitarfélagið yfirtaki rekstur og viðhald húsnæðis Tónlistarskólans við Austurveg 11 á Ísafirði.

3. Afsal húsnæðis Tónlistarskóla Ísafjarðar til Ísafjarðarbæjar - 2020120005

Lagt fram erindi Steinþórs Bjarna Kristjánssonar, formanns Tónlistarfélags Ísafjarðar, dags. 26. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið yfirtaki rekstur og viðhald húsnæðis Tónlistarskólans við Austurveg 11 á Ísafirði, en að rekstrarfyrirkomulag Tónlistarskólans myndi haldast óbreytt.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að bæjarstjóra verði falið að hefja viðræður við Tónlistarfélag Ísafjarðar um málið.